

224

3. des.

## S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt nr. 75 29. ágúst 1931, um sýsluvegasjóð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

1. Frá þjóðveginum í Smiðjukleifum í Þingmannadal um Fossá að Auðshaugi.
2. Frá Haukabergsá að Siglunesi á Barðaströnd.
3. Frá Gjögurum um Hænuvík, Hænuvíkurháls og Kollsvík að Breiðavík.
4. Frá þjóðveginum við Bjarngötudal um Máberg að Melanesi.
5. Frá þjóðveginum í Tálknafjarðarbotni að Suðureyri.
6. Frá þjóðveginum í Hvestu fram dalinn að Fremri-Hvestu.
7. Frá þjóðveginum við Bakka um Grænuhlíð og Feigsdal að Granda.
8. Frá þjóðveginum við Kolmúladal að Öskubrekku.
9. Frá þjóðveginum við Brautarholt í Selárdal að Uppsölum.
10. Frá Reykjafirði um Trostansfjörð, Sperðlahlíð, Langabotn og Krosseyri að Steinanesi.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 3. desember 1952.*

**Hermann Jónasson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

- 225 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Félagsheimilissjóð Starfsmanna-  
3. des. félags Reykjavíkurbæjar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 3. des. 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

## S K I P U L A G S S K R Á

fyrir Félagsheimilissjóð Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Félagsheimilissjóður Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar, og fer stjórn félagsins með stjórn hans.

Sjóðnum skal varið til að koma upp félagsheimili fyrir Starfsmannafélag Reykjavíkurbæjar með því að kaupa eða byggja hús í þessu skyni og standa undir rekstri þess.